

**Nd.**

**1047. Frumvarp til laga**

**[478. mál]**

um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd., 29. maí.)

Samhljóða þskj. 837 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Aðrir aðilar en sveitarfélög geta sett á fót tónlistarskóla sem njóta skal styrks skv. ákvæðum laga þessara. Áður en slíkur skóli hefur starfsemi skal senda greinargerð um fyrirhugaða stofnun hans til viðkomandi sveitarfélags og til menntamálaráðuneytisins. Skal þar greint frá því m. a. hverjir séu stofn- og ábyrgðaraðilar skólans, hvaða húsnæði hann hafi til afnota og hvaða greinar tónlistar ætlunin sé að leggja áherslu á. Greinargerðin skal hafa borist viðkomandi sveitarfélagi eigi síðar en 15. apríl ásamt rekstraráætlun og drögum að starfsreglum fyrir skólann. Sveitarstjórn skal fjalla um greinargerðina og taka afstöðu til þess hvort hún fallist á greiðslur til skólans úr sveitarsjóði.

Ef fyrirhugað starfssvæði skólans er fleiri en eitt sveitarfélag skulu viðkomandi sveitarstjórnir fjalla um málið á sama hátt og skal þá jafnframt taka afstöðu til þess hvernig kostnaðarskipting skal vera milli sveitarsjóða og hver skal vera greiðsluaðili fyrir skólann.

Sveitarstjórn skal tilkynna menntamálaráðuneytinu um afstöðu sína til skólans og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að greinargerð um skólann berst til sveitarstjórnarinnar. Sé sveitarstjórnin samþykkt stofnun skólans fyrir sitt leyti og ráðuneytið fellst á að skilyrði séu fyrir hendi til skólahaldsins skal gera ráð fyrir kostnaði við rekstur skólans í tillögum til næstu fjárlaga og á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir næsta ár. Ráðuneytið skal tilkynna um afstöðu sína eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að því hefur borist greinargerðin.

Skólanefnd, skipuð fulltrúum eignaraðila, fjallar um málefni skólans og fer með fjárreiður hans. Viðkomandi sveitarfélag skal ávallt eiga fulltrúa í nefndinni.

6. gr. hljóðar svo:

Ef tónlistarskóli, sem styrks hefur notið, hættir störfum skal sveitarfélagið varðveita eignir skólans (hljóðfæri o. fl.) þar til eignanna er þörf við rekstur annars tónlistarskóla á sama starfssvæði.